

**Nd.**

**419. Breytingartillögur**

[120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Pétri Sigurðssyni, Jóni Skaftasyni, Matthíasi Bjarnasyni, Steingrími Pálssyni og Birni Pálssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað 2. málsg. 7. gr. laganna komi:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. bráðabirgðaákvæði þessara laga, að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og útflutnings, sem hafi inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli skal setja í reglugerð. Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi.

2. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórninni er skylt að láta á árinu 1970 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu meðal alþingiskjösenda um, hvort þeir vilji leyfa tilbúning og sölu áfengs öls skv. því, sem segir í 7. gr. Ef meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, er samþykktur, öðlast 7. gr. gildi.

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna skal fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.